

20

10. gr.

13. febr. Áfengisvarnanefndum og framkvæmdastjórum þeirra ber að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál manna, er þessir aðiljar komast að í starfi sínu.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 13. febrúar 1957.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

21

## AUGLÝSING

7. febr.

um staðfesting forseta Íslands á breyting á reglugerð nr. 47 1942, sbr. reglugerð nr. 83 1951, fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands féllst hinn 6. þ. m. á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 47 1942, sbr. reglugerð nr. 83 1951, fyrir Háskóla Íslands:

Aftan við 18. tölulið 52. gr. komi nýr töluliður, svo hljóðandi: 19. Bókasafnsfræði.

Þetta birtist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í menntamálaráðuneytinu, 7. febrúar 1957.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

22

## BÆJANÖFN

11. febr.

Samkv. lögum nr. 35 18. febr. 1953 hefur menntamálaráðuneytið gefið út leyfisbréf fyrir eftirtöldum bæjanöfnum árin 1954—1956:

**Árið 1954:**

*Hólavátn*, nýtt nafn á jörðinni Austur-Búðarhólshjáleigu í Austur-Landeyjahreppi, Rangárvallasýslu.

*Vellir*, nýbýli úr landi Þaravalla í Innri-Akraneshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

*Seljanes*, nýbýli úr landi Reykhóla í Reykhólahreppi, A.-Barðastrandarsýslu.

*Ásbreið*, nýbýli úr landi Ytri-Valla í Kirkjuhvammshreppi í V.-Húnavatnssýslu.

*Lyngholt*, nýbýli úr landi Kimbastaða í Skarðshreppi, Skagafjarðarsýslu.

*Sörlagarður*, nýbýli úr landi Kimbastaða í Skarðshreppi, Skagafjarðarsýslu.

*Viðidalur*, nýbýli í landi ríkisins úr jörðinni Viðimýri í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu.

*Viðiholt*, nýbýli í landi ríkisins úr jörðinni Viðimýri í Seyluhreppi, Skagafj.s.

*Reynistaðir*, nýbýli úr landi Miðhvamms í Aðaldælahreppi, S.-Þingeyjarsýslu.

*Lundur*, nýbýli úr landi Sauðhaga í Vallahreppi, Suður-Múlasýslu.

*Múli III*, nýbýli úr landi Múla II í Geithellnahreppi, Suður-Múlasýslu.

*Stekkjarmelur*, nýbýli úr landi Grunda og Kirkjubóls í Rauðasandshreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu.